

FUNDARGERÐ AÐALFUNDAR

1. október 2020

Aðalfundur Foreldrafélags Fossvogsskóla. Fundurinn er haldinn fimmtudaginn 1. október 2020 í íþróttasal Fossvogsskóla. Fundinum er streymt á facebook síðu Foreldrafélags Fossvogsskóla.

U.þ.b. 10 fundarmenn mættir.

Karl Óskar Þráinsson, formaður FFF setur fundinn.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Fundarstjóri einróma kosinn Agnar Helgason. Fundarritari einróma kosin Eyþóra Hjartardóttir. Fundarstjóri kannar hvort fundurinn sé löglega boðaður. Staðfest að svo sé.

2. Skýrsla stjórnar

Karl Óskar Þráinsson formaður fór yfir skýrslu stjórnar. Sjá í sér skjali.

3. Reikningar félagsins

Unnur Björnsdóttir, gjaldkeri, fór yfir reikninga félagsins og stöðu þess. Hagnaður í ár. Farið yfir stærstu tekjuliði og útgjöld ársins. Góð staða félagsins.

4. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins

Samþykkt einhljóða.

5. Lagabreytingar

Engar lagabreytingar liggja fyrir

6. Kosning (stjórn, skólaráð, skoðunarmenn reikninga)

Elfa Þöll Grétarsdóttir, Eyþóra Hjartardóttir og Guðrún Lára Skarphéðinsdóttir gáfu ekki kost á sér til endurkjörs og eru þeim þökkuð óeigingjörn störf í þágu barnanna okkar.

Í framboði til stjórnar:

Börkur Hrafn Birgisson
Eyrún Magnúsdóttir
Hrund Hauksdóttir
Illugi Gunnarsson
Karl Óskar Þráinsson
Magnús Már Guðmundsson
Unnur Björnsdóttir

Stjórn Foreldrafélags Fossvogsskóla

Fundarstjóri kannar hvort fleiri vilja bjóða sig fram í stjórn en þeir sem þegar hafa tilkynnt um framboð. Ekki fleiri sem bjóða sig fram.

Ekki aðrir í framboði og fjöldi frambjóðenda í samræmi við nýjar starfsreglur. Ekki þörf á því að kjósa á milli og stjórn því sjálfkjörin.

Kosning í skólaráð:

Agnar Freyr Helgason situr í skólaráði og var í fyrra kjörinn til tveggja ára. Hann situr því áfram. Í framboði núna er Karl Óskar Þráinsson. Varamaður í framboði er Magnús Már Guðmundsson.

Ekki aðrir í framboði þannig að þeir eru sjálfkjörnir.

Skoðunarmenn reikninga:

Í framboði sem skoðunarmenn reikninga eru:

Helga Dögg Björgvinsdóttir og Ruth Elfarsdóttir. Ekki aðrir í framboði og þær því sjálfkjörnar.

7. Ákvörðun félagsgjalda

Fjárhagsleg staða félagsins er góð. Lagt til að ekki verði lögð á félagsgjöld í ár. Samþykkt.

8. Önnur mál

Karl Óskar fer aðeins yfir efni fundar frá því í gær sem fulltrúar skólaráðs og skólastjóri áttu með fulltrúum Reykjavíkurborgar varðandi stöðu skólahúsnæðisins. Margt hefur verið gert og húsnæðið núna í mun betra standi en áður. Engu að síður hafa verið að koma upp veikindi á haustönn í nemendahópnum. Guðríður Gyða, sveppafræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands kom á fundinn og fór yfir þær sveppategundir sem fundust við síðustu sýnatöku. Bent á þann möguleika að hér gætu verið leifar af sveppum og gró sem fyrirfyndust í húsnæðinu eftir að framkvæmdum lauk. Þarf ekki að vera að enn séu rakaskemmdir. Samþykkt að fara í allsherjarþríf á húsnæðinu til að reyna að uppræta þetta. Eftir að þrífum lýkur mun önnur sýnataka fara fram og þau sýni send til rannsóknar hjá Guðríði Gyðu hjá Náttúrufræðistofnun.

Ingibjörg skólastjóri tekur til máls varðandi sama efni. Þrífir munu hefjast næsta föstudag. Allir krókar og kimar skólans verða þrífir 3-4 sinnum vikulega frá og með næsta föstudegi. Sýnatökur fara svo fram í kjölfar þess í samræmi við ráðgjöf sérfræðinga.

Fleira ekki gert.

Fundargerð ritaði EHj.